



Fundur í Hafnarnefnd

8. fundur Hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarstjóra, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn þriðjudaginn 12. apríl 2016 og hófst kl 10:00.

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Jónas Jóhannsson, Rafn Jónsson, Jón Marinósson Áki Guðmundsson (í síma), Aðalbjörn Arnarsson (undir lið 3), Jón Rúnar Jónsson hafnarvörður og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki

Dagskrá:

1. Kosning varaformanns

Jónas Jóhannsson samhljóða kjörinn varaformaður.

2. Rekstur hafna Langanesbyggðar janúar og febrúar 2016

Hafnarstjóri fór yfir rekstur hafnanna fyrstu tvo mánuði ársins, tekjur hafna lækkuðu um 80% samanborið við áætlun. Útgjöld eru í samræmi við áætlun. Tekjubrestur er vegna minni loðnuveiði. Fyrstu tvo mánuði fyrra árs var fast að 30.000 tonnum landað á Þórshöfn en 3.000 fyrstu tvo mánuði yfirstandandi árs.

3. Innkomin mál

Rafn lýsti sig vanhæfan hvað varðaði þennan lið, samþykkti fundurinn það, Rafn yfirgaf fundinn og Aðalbjörn Arnarsson tók sæti hans.

a. *Möguleg viðbygging við frystihús – umsögn*

Bókun

Nefndin er jákvæð fyrir erindinu og felur hafnarstjóra að afla frekari gagna.

b. *Umhverfis- og skipulagsnefnd 16. fundur:*

i. Byggingaleyfisumsókn – Hafnarvegur 4-6 – breytingar á þaki

Sótt er um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga á þaki mjöhlúss Ísfélagsins að Hafnarvegi 4-6. Breytingarnar eru samkvæmt framlögðum upprætti.

Bókun

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki umsókn um byggingarleyfi.

ii. Byggingaleyfisumsókn – hafnarvegur 2-6 – breyting viðbyggingu

Um er að ræða stækkun á mjöhlúsi Ísfélagsins við Hafnarveg 2-6 á Þórshöfn. Við austurvegg mjöhlúss hefur verið reist skýli yfir þurrkara. Þar sem mjölgeymslur eru takmarkaðar hefur skýlið verið endurhannað til samræmis



LANGANESBYGGÐ

við reglugerð um byggingar. Með umsókn eru lagðar fram endurgerðar teikningar af verksmiðju félagsins við Hafnarveg 2-6, land nr. 154663.

Bókun

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki umsókn um byggingarleyfi.

Aðalbjörn yfirgefur fundinn, Rafn kemur inn.

4. Önnur mál

- a. Áki ræddi ýmis mál er varða viðhald á höfninni á Bakkafirði og opnunartíma.
- b. Jón Rúnar upplýsti nefndina um viðhaldspörf á flotbryggju í höfninni á Þórshöfn.
- c. Rafn ræddi grynningar í höfn, hafnarstjóri hefur átt í samskiptum við Vegagerðina vegna málsins. Nefndin áréttar mikilvægi þess að dýpkun fari fram í sumar. Einnig voru ræddar grynningar í Bakkafjarðarhöfn þar er um að ræða steina sem halda flotbryggju. Upp kom sú hugmynd að fjarlægja steina og bora festingar beint í klapparbotninn.
- d. Framtíðarsýn hafnarinnar var rædd, ákveðið að halda þeirri vinnu áfram.
- e. Jón Rúnar fór yfir komandi fund um mengunarvarnir sem haldinn verður á Húsavík á fimmtudaginn.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl